

Fundur í ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps

- Haldinn á Skriðuklaustri 3.10.2018 klukkan 17:20

Mætt: Skotta, Brynjar Darri og Gunnar.

1. Fljótsdalsdagur

Dagurinn var haldinn sunnudaginn 19. ágúst. Mætt var í alla viðburði og talsverður áhugi á fyrirtækjum sem voru með opið hús. Á Skriðuklaustri var uppboð í stað tónleika undanfarin ár og breytti það nokkuð dagskránni. Ljóst er að fyrra form trekkir að fleiri gesti en það virðist ekki endilega hafa komið breytt miklu um tekjur veitingaaðila yfir daginn.

Uppboðið dróst nokkuð á langinn en lukkaðist samt mjög vel og var einstakur viðburður. Um 120 þúsund krónur söfnuðust til styrktar góðu málefni.

Fljótsdalsdagurinn var sem fyrr hluti af Ormsteiti en var núna fyrsti viðburðurinn og jafnframt sá eini á þeirri helgi en var áður lokadagurinn. Þetta framkallaði þá upplifun að Fljótsdalsdagurinn væri ekki hluti af Ormsteiti þrátt fyrir að skipuleggjendur hátíðarinnar hafi lagt sig fram um að hafa hann inni í heildinni. Betra væri að hafa fleiri viðburði á sömu helgi, þótt þeir séu litlir, sem byggi upp stemming hver fyrir annan. Jákvætt var þó að dagurinn var nú ekki sama dag og dagskrá í Vallanesi sem að miklu leyti höfðar til sama markhóps.

2. Réttardagur

Réttardagur var haldinn 22. september. Samhliða réttinni var haldinn markaður og um kvöldið réttarball.

Markaður: Fjórir seljendur mættu með fjölbreyttar vörur og voru mjög ánægðir. Ánægja var meðal gesta með daginn. Nefndin telur fulla ástæðu til að halda aftur markað að ári og leggur áherslu á að áhersla verði á að seljendur séu með eigin framleiðslu. Gott væri að halda fund í aðdraganda næsta markaðar með áhugasömum aðilum til að efla hann.

Réttin: Réttin gekk nokkuð vel. Hún var auglýst klukkan 13:00 en byrjað var að draga mun fyrir. Nefndin veltir því upp hvort ekki sé rétt að auglýsa réttina fyrir þannig að gestir mæti ekki seint og upplifi að þeir hafi misst af öllu.

Réttarball: Ballið var á forræði húsnefndar Végarðs. Á það mættu um 100 manns, sumir gerðu sér gagnert ferð austur á land og bókuðu sér þá gistingu til að mæta á ball með Danshljómsveit Friðjóni. Ballið byrjaði klukkan 23, nefndin telur rétt að skoða ef slíkt ball verður haldið aftur að byrja það fyrir þannig samfella myndist í daginn

Nefndin telur daginn hafa lukkast vel. Hann dregur margt fólk í dalinn, ánægjulegt er að byggt hafi verið utan um hann og tækifæri er til að efla hann enn frekar.

Fundið slitið 18:45

Gunnar ritaði fundargerð